



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 11. október 2023

**Efni: Umsögn Ljósmaðrafélags Íslands um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu o.fl. (refsiábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika), 225. mál.**

Vísað er til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis, dags. 28. september 2023, þar sem Ljósmaðrafélagi Íslands var sent til umsagnar frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu o.fl. (refsiábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika, 225. mál. Þess var óskað að umsögnin bærist eigi síðar en 12. október 2023 á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is).

Fyrir liggur að heilbrigðisráðherra skipaði í maímánuði 2022 starfshóp sem hafði það verkefni að meta hvort hægt væri að afnema refsiábyrgð heilbrigðisstarfsmanna vegna atvika sem rakin eru til einfalds gáleysis við veitingu heilbrigðisþjónustu og leggja útfærslu á lagabreytingu þess efnis. Einnig var starfshópnum falið að meta hvort setja ætti í sérlæg ákvæði um svokallaða cumulativa hlutlæga refsiábyrgð heilbrigðisstofnana. Ljóst er að starfshópurinn gekk lengra í tillögum sínum og bera frumvarpsdrögin merki um það enda þar gert ráð fyrir ákveðnum breytingum á fyrirkomulagi mála er snúa að óvæntum atvikum. Lúta athugasemdir Ljósmaðrafélags Íslands að fyrirliggjandi lagafrumvarpi einkum að því atriði.

Það er skýr afstaða Ljósmaðrafélags Íslands að stofnuð verði sérstök rannsóknarnefnd sem hefur það hlutverk að rannsaka óhappatívik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik er verða við veitingu heilbrigðisþjónustu og hafa valdið sjúklingum tjóni eða kunna að hafa valdið sjúklingum tjóni. Rannsókn slíkra atvika færist þannig úr höndum landlæknis, sbr. 9. og 12. gr. laga nr. 41/2007 enda óeðlilegt að embættið hafi á sínum höndum eftirlit,



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

rannsókn og ákvarðanatöku. Í þessum efnum verði til dæmis horft til hlutverks og stöðu rannsóknarnefndar samgönguslysa, sbr. lög nr. 18/2013, sem er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnarsýslulega undir innviðaráðherra. Nauðsynlegt er að komið verði á sambærilegu verklagi og fyrirkomulagi þar sem áhersla er lögð á að leiða í ljós orsakir slysa eða atvika með það að markmiði að draga úr hættu á að sams konar slys eða atvik endurtaki sig ekki en ekki að skipta sök eða ábyrgð.

Óumdeilt er að tilkynningum til landlæknis hefur fjölgað mikið síðustu ár og umfjöllunin hávæð um að þörf sé á breytingum á þeim farvegi sem óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu eru sett í. Málsmeðferðartíminn hefur verið langur og í raun verið lengri í flestum tilvikum en sá hefðbundni tímarammi sem landlæknir hefur gefið upp. Hefur landlæknir meðal annars vísað til þess að örðugt geti verið að finna óháðan sérfræðing til að taka að sér gerð umsagnar auk þess sem umsagnar- og andmælaferli sé tímafrekt. Umboðsmaður Alþingis hefur bent á að þörfina á því að bregðast við því sem má kalla kerfislæga eða viðvarandi annmarka á stjórnarsýsluframkvæmd embættisins í kvörtunarmálum. Vandí embættisins við að afgreiða mál innan hæfilegs tíma er umfangsmikill og þróunin bendir til þess að tilkynningum muni halda áfram að fjölga. Dráttur á meðferð mála er varða alvarleg atvik leggjast eðli málsins samkvæmt þungt á alla aðila, þar með talið þá heilbrigðisstarfsmenn sem hlut eiga að máli hverju sinni, og því brýnt að meðferð þessara mál taki ekki of langan tíma.

Til þess er einnig að landlæknir gegnir margvíslegum hlutverkum, svo sem ráðgjafa- og eftirlitshlutverki og upplýsingasöfnun, sbr. 4. gr. gildandi laga um embættið, þar sem kveðið er á um meginhlutverk þess í samtals fimmtán staflíðum. Sérfræðingar embættisins, einkum læknar og hjúkrunarfræðingar, sjá almennt um rannsóknir á alvarlegum atvikum og kvörtunarmálum auk utanaðkomandi sérfræðinga sem heimilt er að afla umsagnar frá. Sömu starfsmenn sinna einnig margvíslegum öðrum verkefnum er lúta að grunnstarfsemi embættisins í samræmi við meginhlutverk landlæknis. Hjá sérstakri rannsóknarnefnd sem hér er verið að leggja til að sett verði á stofn myndu þá verða skipaðir nefndarmenn sem hefðu menntun á sviði læknisfræði, hjúkrunarfræði, ljósmóðurfræði eða aðra sambærilega menntun sem myndi nýtast í starfi nefndarinnar auk lögfræðings. Skapast þá sérþekking til að rannsaka mál af þessu tagi. Nefndin gæti svo falið landlækni rannsókn einstakra mála teldi hún mál þess eðlis að ekki væri þörf á rannsókn nefndarinnar



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Ljósmeðrafélag Íslands telur því mikilvægt að rannsóknir mála vegna óvæntra atvika verði unnar á óhlutrægan og faglegan hátt af hlutlausri nefnd svo atvik hvers máls verði nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því að teknu tilliti til málshraðareglu stjórnisýsluréttarins, sbr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Þörf er að rannsókn óvæntra og alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu verði sett í annan farveg en lagt er til í frumvarpi þessu, og tekið verði mið af þeirri góðu reynslu sem er af rannsóknarnefnd samgönguslysa í þeim efnunum. Til hliðsjónar í þeim efnunum má til dæmis hafa frumvarp til laga um rannsóknarnefnd á heilbrigðissviði sem lagt var fyrir Alþingi á löggjafarþingi 2012-2013, þingskjal 1285 – 690. mál.

Að öðru leyti vísast til framkominnar umsagnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, dags. 6. október 2023 um sama efni, þar sem gerðar eru athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Gerir Ljósmeðrafélag Íslands þær að sínum. Er í þeirri umsögn meðal annars vakið máls á því hvort það sé ekki rétt að kljúfa rannsóknarhlutann frá landlækni og fela sérstöku stjórnvaldi það verkefni. Bandalag háskólamanna lagði það sama til í umsögn sinni, dags. 10. mars 2023 og einnig Læknafélag Íslands í umsögn, dags. 12. mars 2023, þ.e. að sett verði á fót sérstök rannsóknarnefnd alvarlegra atvika. Hávær umræða er því til staðar og ljóst að nauðsynlegt er á að skoða það í fullri alvöru hvort það sé ekki þörf á að skapa slíkan grundvöll til úrbóta svo óvænt, alvarleg atvik endurtaki sig ekki.

Virðingarfyllt,

Unnur Berglind Friðriksdóttir,  
formaður Ljósmeðrafélags Íslands